

2. Vinnslu sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðaeefni manns. Þetta á þó ekki við ef aðeins er unnið með hluta af erfðaeefni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.
3. Vinnslu upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hins skráða.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga.
5. Vinnslu upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hinna skráðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er slík vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfisskyld, byggi hún á fyrirmælum laga.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 12. ágúst 2004.

Páll Hreinsson formaður.

Valur Árnason.

Ólafur Garðarsson.

Haraldur Briem.

Arnaldur F. Axfjörð.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2004 tillögu að deiliskipulagi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Reykjanesbæ.

Deiliskipulagstillagan sýnir m.a. ný bílastæði við skólann.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 20. ágúst 2004.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar,

Viðar Már Aðalsteinsson.